

3. tbl. 30. árg. september 2016

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is

Hinar mállausu myndir

Síðasta ár hef ég lært sálgæslu við Høyskolen Diakonova í Osló. Mér finnst þetta mjög áhugavert nám og held að ég geti notað það sem ég læri bæði fyrir sjálfa mig (kannski mest) og til að hjálpa öðrum. Námið er byggt upp sem fjarnám með 2 lotum fyrir jól og 2 eftir jól og í heildina eru þetta 60 einingar sem ég tek á tveimur árum. Það vakti athygli mína hvað guðsmyndin skiptir miklu máli fyrir andlegan líðan fólks. Eiginlega hef ég ekki hugsað mikið út í hvaða mynd ég hef af Guði fyrr en nú. Ég sé að það skiptir miklu máli hvernig ég lít á Guð innst inn í hjarta mínu. Þessi skrif mín eru tekin úr einni af bókunum sem ég las „*De stumme bildene*“ eftir Magnus Malm.

Hvað er guðsmynd?

Guðsmyndin er ekki heil mynd, frekar

hvernig við lítum á Guð, einskonar gleraugu. Við horfum ekki á gleraugun, við sjáum í gegnum þau. Maður hugsar ekki um að maður sjái í gegnum gleraugun, nema ef eitthvað óvænt gerist – við missum þau og þau brotna, þá breytist útlitið. Eins er með okkar dýpstu guðsmynd. Hún er ósjálfráð og virkar eins og sía fyrir allt sem við sjáum og heyrum.

Sjálfsmynd okkar hefur djúpt sambengi við guðsmyndina okkar. Sjálfsmyndin er grunnurinn í öllum okkar samböndum, líka sambandi okkar við Guð. Sjálfsmynd okkar mótast mjög *snemma* í bernsku. Hún mótast mest af foreldrum okkar eða þeim sem við eigum nánasta sambandið við. Þau sambönd geta verið misgóð og móta traust okkar til fólks og á sama tíma traust okkar til Guðs. Neikvæðar guðsmyndir birtast oft þannig að við lítum á Guð

sem refsandi dómara, Guð sem dauða, bókhaldara eða krefjandi vinnuveitanda. Þessar neikvæðu guðsmyndir skapa örvæntingu og innri ófrið og hindra að hið sanna andlit Guðs beri með sér kærleika og frið. Þessar óheilbrigðu guðsmyndir þurfa að afhjúpast til að við getum þroskast og orðið heil.

Hvar getum við fundið hið sanna andlit Guðs?

Menningin sem við lifum í kennir okkur að trúin sé einkamál og sú trú er hættuleg trú. Trúin hefst alltaf í einhverskonar samtali við umheiminn. Ef við erum ekki meðvituð um það er hætt við að guðsmynd okkar sé langt frá þeim Guði sem Jesús er holdgeringur fyrir. Biblían gefur okkur margar myndir af Guði. Honum er lýst sem miskunnsömum föður, hlýjum



Hvalur hf.



inter.

Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Bláðið kemur út fjórum sinnum á ári.

Áskrift er ókeypis.

Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniboðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir.

Prófarkalestur sér Edda Ólafsdóttir um.

Útlit og uppsetningu annast Emil Hreiðar Björnsson.

Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: <http://sik.is>

Formaður Kristniboðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Hvað er kristniboð

Kristniboðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniboðar starfa í Afríkulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru.

Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu.

Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

Hvað er kristniboð

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp rúmar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins



móðurfaðmi, vindi, fjalli, vængjunum á fugli, háborg sem veitir skjól, tréi til að hvílast undir, vin í eyðimörk, o.s.fr. Aðrar, kannski ekki eins kunnuglegar myndir af honum, eru þar sem Guði er líkt við hermann sem vaknar af ölvímu (Sálmur 78.65) og konu sem er í barnsnauð (Jesaja 42.14). Vandamálið er þegar við festumst með eina mynd af Guði og hún stífnar og verður að hjáguði. Eða verra, að við boðum öðrum eigin guðsmyndir í staðinn fyrir hinn lifandi Guð.

Hvenær standa okkar eigin guðsmyndir í vegi fyrir hinu sanna andliti Guðs og byrja að virka sem hjáguð?

Skurðgoð þjóðanna eru silfur og gull, handaverk manna. Þau hafa munn en tala ekki, augu en sjá ekki, eyru en heyra ekki og enginn andardráttur er í munni þeirra. Eins og þau eru verða

smiðir þeirra, allir þeir er á þau treysta (Sálmur 135. 15-18).

1. Falskar myndir líta manneskjulega út en hafa ekkert líf.

Yfirfærsla af okkar eigin óskum og verkefnum frekar en endurskin af Guðs dýrð. Búin til af manneskjum, sem sjálfar hafa fengið lífið að gjöf. Við getum eingöngu búið til dauða hluti.

2. Ég verð sjálf(ur) að bera falskar myndir, hinn lifandi Guð ber mig.

Hjálparvana skurðgoð

Bel er boginn, Nebó fallinn, líkneski þeirra orðin byrði gripa og nauta, þau sem þér áður báruð, lögð á þreytt burðardýr. Þau bogna og falla, megna ekki að bjarga byrðinni og verða sjálf að fara í útleigð.

Hlýðið á mig, ættmenn Jakobs og allir sem eftir eru af Ísraels ætt, tekið var á móti yður við fæðingu og þér bornir allt frá móðurlífi. Allt til elliára yðar verð ég hinn sami, ég mun bera yður þar til þér verðið gráir fyrir hærum. Þetta hef ég gert og ég mun bera yður, ég mun bera yður og frelsa (Jesaja 46.1-4).

3. Hugsanlega getur maður hugleitt yfir fólkskum myndum, en maður getur ekki átt samtal við þær.

Þær eru mállausar og heyrnalausar. Þegar bænir mínar mæta fyrirsjáanlegu og innilokuðu bergmáli af mínum eigin orðum og hugsunum, bendir það til þess að ég sé að tala við sjálfan mig.

4. Það er ómögulegt að elska falskar myndir.

Þær geta vakið upp nostalgískar tilfinningar og gefið mér tilfinningalegt öryggi af einhverju þekktu og kæru, en þær geta ekki gefið mér hinn sanna kærleika í hjarta mitt.

Það að guðsmyndin okkar sé röng eða skökk þarf ekki að þýða að ég eigi ekki samfélag við hinn lifandi Guð. Það getur hins vegar verið að myndirnar séu til staðar í sambandinu og hindri það í að vaxa. Og eins og allt annað sem ómeðvitað kemur upp á yfirborðið þegar kreppir að í lífinu verðum við vör við þessar myndir og skiljum ekki hvernig stendur á að við skyldum trúa þessu. Lausnin er ekki að reyna að fá rétta mynd með rökhugsun, eina leiðin er að gera eins og hinir kristnu Þessalóníkumenn gerðu. 1. Þess 1.9b: *hvernig þið sneruð ykkur til Guðs frá skurðgoðunum til þess að þjóna lifandi og sonnum Guði.*

Vandamál okkar mannanna varðandi Biblíuna er fyrst og fremst siðferðilegt: Við viljum vera Guð. Iðrun gefur okkur kristnu fólki þekkingu á Guði. Iðrun þarf að gerast mörgum sinnum á lífsleiðinni. Við erum alltaf að rekast á heimagerðar guðsmyndir sem standa í vegi fyrir Guði. Ef maður reynir að leysa vandamál með því að búa sér til betri mynd, vex bara vandamálið. Maður verður að gera upp myndina, ekki búa til nýja.

Fanney Ingadóttir

Af götu í skóla

Kristniboðssambandið styður börn og fjölskyldur þeirra í Addis Abeba í Eþíópíu í gegnum tvenn samtök, *My sisters* (Systur mínar) og *Hope for children* (Von handa börnum). Verkefnið kallast *Af götu í skóla*.

Samtökin *Von handa börnum* eru starf-rækt í Addis Abeba, höfuðborg Eþíópíu. Markmið samtakanna er að koma í veg fyrir að börn lendi á götunni eða séu hneppt í barnaprælkun. Samtökin byggja skóla og félagsmiðstöðvar fyrir börn fátækra foreldra. Vegna mikillar fátæktar, vanrækslu, misnotkunar er börnum þröngvað út á götur borgarinnar. Þau eru í mikilli hættu á götunni, án matar, fata og húsaskjól. Mörg deyja vegna skorts á læknishjálp.

Barnaprælkun verður hlutskipti margra. Dæmi er um að menn fari um sveitir landsins og lofi fátækum foreldrum að börn þeirra fái menntun og betri framtíð ef þeir fari með þau til höfuðborgarinnar. Þegar þangað er komið lenda börnin í því sem kallast barnaprælkun.

Starfsmenn samtakanna *Von handa börnum* fara út á götur borgarinnar og verja tíma með götubörnum, kynnast þeim og gefa þeim mat, auk þess að boða þeim fagnaðarerindið. Samtökin eru með heimili sem kallast *Rest center* (Hvíldarstaður) og þar eiga götubörn athvarf. Ný von kviknar í lífi þeirra sem þangað koma. Þau geta gengið í skóla. Samtökin veita húsaskjól, hjálpa fólki að stofna lítil fyrirtæki, hjálpa þeim sem þurfa lækniáðstoð, reyna að hjálpa fólki af landsbyggðinni til að snúa aftur heim til sín, halda fræðslunámskeið t.d. um alnæmi, bjóða upp á íþróttir um helgar, svo eitthvað sé nefnt.

Hér er vitnisburður stúlku sem fékk hjálp frá samtökunum: „Ég heiti Cherenet Godana og er 13 ára. Ég fæddist í Suður-Eþíópíu. Foreldrar mínir búa með stórfjölskyldunni í norðurhluta landsins. Ég á þrjá bræður og sjö systur. Ég bý í Addis Abeba með tveimur eldri systur mínum. Við búum í mjög litlu leiguhúsnæði. Lífið í borginni er mjög erfitt en þökk sé samtökunum *Von handa börnum* hef ég fengið ókeypis menntun og námsgögn. Ég hef nú lokið þriðja bekk. Mér þykir mjög gaman í skólanum og legg mig alla fram við námið. Ég hef yndi af að lesa bækur. Þegar ég eldist og hef framhaldsnám langar mig að verða læknir. Mig langar til þess vegna




Glaðar stúlkur sem fá hjálp hjá samtökunum.



Skólinn sem samtökin reka.



Kennarar og starfsfólk.



Cherenet Godana.

þess að mig langar að hjálpa sjúku fólki og ég gleðst þegar fólk verður frískt.

Hægt er að kaupa gjafakort hjá Kristniboðssambandinu sem heitir *Af götu í skóla*. Andvirði þess rennur til að hjálpa börnum hjá þessum samtökum í *Addis Abeba*.

Einnig er hægt að styðja verkefnið með mánaðarlegu framlagi. Að hjálpa einu barni kostar 3.500 kr. á mánuði og hægt er að láta draga upphæðina af greiðslukorti sínu. Hafa má samband við skrifstofuna á Háaleitisbraut 58-60 eða í síma 5334900.

Biblíuskóli í Afríku

Norska kristniboðssambandið (NLM) hefur komið á fót biblíuskóla í Nairóbí, höfuðborg Keníu. Skólinn, sem hefur hlotið nafnið „TeFt Familie“, tekur til starfa í janúar 2017. Hvert námskeið er 11 vikur. Hjónin Janne og Rune Mjølhus eru komin til Keníu til að undirbúa skólann. Þau hafa verið kristniboðar í Keníu og Tansaníu í mörg ár. Þau segja í viðtali við Utsyn, fréttablað NLM, að fullbókað sé á fyrsta námskeið skólans. 14 fullorðnir og 23 börn halda til Nairóbí á nýju ári til að hefja göngu við skólann.

Eitt af markmiðum þess að hafa biblíuskóla í Keníu er að fólk kynnist starfi kristniboðsins.

„Tímanum verður vel varið og er kærkomin hvíld frá hversdagslegu amstri. Skólinn mun vonandi verða einstaklingum og fjölskyldum hvatning til þjónustu í Guðs ríki,“ segja þau hjón Janne og Rune.

Börn nemenda biblíuskólans geta gengið í norska grunnskólann í Nairobi sem er á sama stað.

Næstu námskeið í biblíuskólanum, „TeFt Familie“, verða september-desember

2017 og janúar-apríl 2018. Tekið verður á móti umsóknum á bæði námskeiðin frá 1. desember 2016 fram í mars 2017.

Áhugasamir Íslendingar geta sótt um skólavist. Fullvíst má telja að skólavistin verði jákvæð reynsla sem setja mun mark sitt á líf þeirra, einstaklinga og fjölskyldna, sem þar munu dvelja.

Frekari upplýsingar: <http://www.nlm.no/teft-familie/praktisk-info> og á skrifstofu Kristniboðssambandsins, Háaleitisbraut 58-60, s. 5334900.

Fréttir af tvíburunum

Karl Jónas Gíslason (Kalli) fór ásamt eiginkonu sinni, Ragnheiði Guðmundsdóttur, til starfa í Eþíópíu í nokkrar vikur í sumar.

Margir lesenda Kristniboðsfrétta kannast við tvíburana, Ísak og Samúel, sem var bjargað í Ómó Rate fyrir fjórum árum. Þeir voru álitnir bólvaðir og átti því að bera þá út. En Guði sé lof að það tókst að bjarga þeim og nú búa þeir í SOS-barnþorpi í Awassa. Í október verða þeir fjögurra ára gamlir! Drengirnir mínir blómstra og þroskast.

Þegar við hjónin, Ragnheiður og ég, fórum til Eþíópíu s.l. sumar komum við við í Awassa og hittum drengina. Þetta var í fyrsta skipti sem Ragnheiður hitti þá, en ég heimsæki þá í hvert sinn sem ég fer til Eþíópíu. Við hringdum og boðuðum komu okkar. Meðferðis höfðum við smá gjafir handa þeim, fatnað og fótbolta. Þegar við nálguðumst heimili drengjanna opnuðust dyrnar. Ísak og Samúel komu hlaupandi út. „Abba Kalli!“ hrópuðu þeir og stukku beint í fang mitt. Drengirnir mínir, sem voru nær dauða en lífi þegar ég fékk þá, komu hlaupandi til mín. Með kökk í hálsi faðmaði ég þá að mér. Þrýsti þeim þétt að mér meðan tár runnu niður vangann. Við nutum dagsins með þeim. Á leið okkar heim til Íslands komum við svo aftur við hjá þeim og kvóddum þá. „Þú kemur aftur, er það ekki?“ spurðu þeir. „Ef Guð lofar,“ svaraði ég.

Þessir litlu drengir minna mig svo oft á kærleika Guðs til mín. Þeim var bjargað



Kalli með tvíburana Ísak og Samúel.

af kristniboða, sem var á réttum stað, á réttum tíma. Ég held ég geti skilið örlítið af því hvernig Guði líður þegar barn hans snýr sér til hans. Leitar hans og þiggur kærleika og fyrirgefningu hans. Hjartað er að springa af gleði. Á sama hátt og kall drengjanna: „Abba, Kalli“ fyllti hjarta mitt gleði og ég fann hversu vænt mér þótti um þá. Þannig hlýtur Guði líka að líða þegar hann heyrir barn sitt hrópa „Abba faðir“. Bara miklu, miklu sterkara. Hann elskaði svo mikið að Hann gaf sjálfan sig í dauðann fyrir mig. Að

fá að vera rödd Drottins Jesú inn í heim myrkurs og vonleysis er stórkostlegt. Að fá að vera röddin sem hrópar: „Guð elskar þig! Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki heldur hafi eilíft líf. Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn heldur til þess að frelsa hann.“ Getum við haft annan meiri og betri tilgang í lífinu? Kristniboð snýst einmitt um það að Guð elskar okkur.

Kalli

Kristilegt unglingamót í Noregi

Þriðjudaginn 2. ágúst hélt 30 manna hópur frá Íslandi til Noregs. Stefnan var sett á UL (unglingalandsmót) á vegum NLM-ung sem er ungliðahreyfing Norska kristniðóðssambandsins. Í hópnum voru 26 unglingar á aldrinum 15 til 25 ára, foreldrarnir Stefánía og Björn, ásamt okkur hjónum sem fórum með sem fararstjórar í annað sinn.

Það var spenna og tilhlökkun í hópnum. Sumir voru að fara á UL í fyrsta sinn en þó nokkrir í hópnum komust á bragðið í fyrra og voru að fara í annað sinn á þetta stóra og glæsilega mót sem haldið er í Randaberg fyrir utan Stavanger.

UL er einstök upplifun. Þar koma nokkur þúsund unglingar saman til að lofa Guð, fræðast og skemmta sér saman í fallegu umhverfi.

Hver dagur er hlaðinn ævintýrum. Hvern morgun kl 11 koma allir þátttakendur saman í stórra íþróttahöll sem er búið að breyta í samkomusal, kynningarbása og matsal. Á hverjum degi er fræðslu- og lofgjörðarstund. Hæfileikaríkt tónlistarfólk leiðir kröftuga lofgjörð. Fræðslan er mjög góð og eiga allir að geta fengið blessun af henni. Eftir fræðslu- og lofgjörðarstund er þeim þátttakendum, sem vilja, skipt í 7-10 manna umræðuhópa þar sem þeir geta tjáð sig um upplifun sína af stundinni eða hvað annað sem er að brjótast um í huga þeirra.

Við Íslendingarnir vorum svo lánsamir að Fanney Ingadóttir var á mótinu með okkur og túlkaði hún fyrir okkur ásamt Sveini.

Öll umgjörð mótsins var til fyrirmyndar. Sérstakt „app“ sem hægt var að hlaða niður í símana var gefið út þar sem öll dagskrá og aðrar upplýsingar komu fram. Margs konar afþreying var í boði, þar á meðal ganga á fjallið *Preikestolen*, brimbretta- og kajaksigling, fótboltamót, strandblak, ljósmyndanámskeið, svo eitthvað sé nefnt. Íslendingarnir tóku þátt í mörgu af því sem í boði var og sáu um eitt atriðið, þ.e. „ultimate frisbee“.

Frábærir tónleikar með hljómsveitinni Leeland vöktu mikla lukku og daglega voru nokkrir fyrirlestrar eða „seminör“. Á hverjum degi völdu Íslendingarnir eitt „seminar“ sem var túlkað fyrir þá á íslensku. Á meðan samverustundir stóðu yfir var boðið upp á fyrirbæn aftast í salnum. Mikill fjöldi fyrirbiðjenda þjónuðu



Íslenski hópurinn á UL.



Farið út að borða eftir mótið.



Fararstjórnarnir Svenni og Dís.

á þennan hátt. Þetta var vinsælt og yfirleitt biðröð í fyrirbæn.

Að þessu sinni var yfirskrift mótsins „Fest“ eða kristilegar hátíðir. Aðalhátíðir kirkjunnar, jól, páskar og hvítasunna, ásamt aðventu, voru teknar fyrir í máli og myndum, og fræðslan tók mið af því. Haldnir voru jólatónleikar sem margir höfðu gaman af.

Við hjónin erum sammála um að minnstæðast og áhrifamest var þegar líkt var eftir ýmsum atburðum úr ævi Jesú. Til að minnast innreiðar Jesú í Jerúsalem var gengið á pálmagreinum og yfirhöfnum. Í boði var t.d. fótþvottur, altarissakramenti og að eiga stund til að íhuga í garði sem kallaður var Getsemanegarður. Stór trékross var á gólfinu. Fólk gat skrifað á blað syndir sem það vildi losna við og neglt þær á táknrænan hátt á krossinn. Einnig var gengið í gegnum fortjald til að minnast þess að þegar Jesús lét lífið á krossinum rifnaði fortjaldið í musterinu. Að síðustu fóru öldungar með blessunarorð yfir þeim sem vildu. Á meðan allt þetta fór fram var spiluð róleg og yndisleg lofgjörðartónlist af diskum.

Eitt kvöldið var haldið „Misjonstivoli“. Þar var hægt að kaupa miða sem veitti aðgang að ýmsum skemmtilegum uppátækjum, t.d. kassaklifri, að kasta blautum svampi í sjálboðaliða, að taka þátt í hæfileikakeppni, prófa hvað væri hægt að troða mörgum inn í lítinn fólskbíl og ýmsu fleiru. Einnig var sjoppa á svæðinu sem seldi ýmislegt góðgæti. Íslendingarnir stigu á svið og kenndu Norðmönnum íslenska húði og sungu fyrir þá eitt lag á íslensku.

Að mótinu loknu tvístraðist hópurinn. Nokkrir fóru í útskriftarferð til Grikklands, fimm unglingar fóru heim til Íslands en restin af hópnum hélt til Óslóar í fjórar nætur. Þar sáu við vaktaskiptin við konungshöllina, 23. júlí 2011 safnið, Holmenkollen og Vigelandsparken og svo fóru flestir í tívolígarðinn *Tusen fryd*. Síðasta kvöldið var farið út að borða.

Allir voru sammála um að þetta var vel heppnuð ferð þótt veðrið hefði mátt vera betra. Margir eru staðráðnir í að fara aftur á UL 2017 næsta sumar.

Sveinn Alfreðsson
Valdís Ólöf Jónsdóttir

Prestaskólinn í Kobe

Leifur Sigurðsson, kristniboði í Japan spjallaði við sr. Makito Masaki, skólastjóra prestaskólans í Kobe.

Ég mælti mér mót við séra Makito Masaki sem hefur gengt stöðu rektors við prestaskólann í Kobe síðan 2009. Síðastliðið ár hef ég setið í stjórn skólans og því öðlast betri innsýn í hlutverk og mikilvægi hans. Saga skólans er orðin nokkuð löng, en skólinn fagnar 60 ára afmæli á næsta ári. Nefndarstörf eru snar þáttur í lífi kristniboða í Japan. Margar nefndir eru að störfum bæði á vegum kristniboðsins og Lútersku kirkjunnar. Allar breytingar og ákvarðanatökur taka langan tíma hér í Japan, öll mál verður að ræða niður í kjölinn. Og það er einnig mikilvægt að ná samstöðu áður en ákvarðanir eru teknar.

Makito Masaki ólst upp í trúaðri fjölskyldu, en faðir hans, séra Shigeru Masaki, (fæddur 1927) komst til trúar árið 1944. Hann var þá ungur maður og hafði verið boðið á kristilega samveru sem breytti lífi hans. Kona nokkur hafði í langan tíma beðið hann að koma en hann hafði engan áhuga á að fara. Það var einungis til að losna undan þessu stöðuga kvabbi að hann fór loks á fundinn. Hann fékk köllun til að verða prestur. Og skömmu seinna kynntist hann Gabriel Eikli, norskum kristniboða frá NLM, (Norska Kristniboðssambandinu), sem taldi hann á að hefja nám við prestaskólann í Kobe. Þetta var árið 1957 og skólinn nýstofnaður. Shigeru útskrifaðist árið 1961. Hann starfaði síðan í 40 ár (68-88) fyrir útvarpskristniboð „Lutheran Hour“. Hann hafði sterka hugsjón að boða samlöndum sínum, sem bjuggu fyrir utan Japan, fagnaðarerindið. Hann ferðaðist því mikið um heiminn og þáttunum var útvarpað í mörgum löndum, Bandaríkjunum, Suður-Ameríku og hvarvetna þar sem Japanir höfðu sest að. Það var á þessum tíma sem hann kom fyrst til Íslands. Í þeirri heimsókn hitti hann Felix Ólafsson sem þá hafði starfað sem kristniboði í Eþíópíu. Makito og bróðir hans heyrðu sögur af ferðum hans. Shigeru stofnaði söfnuði í Japan og í Bandaríkjunum á meðal Japana sem bjuggu þar.

Við Makito ræddum um skólann og trúarreynslu hans. Makito segir:

„Ég fæddist með hjartagalla og gat því

ekki tekið þátt í íþróttum á mínum yngri árum. Þetta olli mér miklu hugarangri, en þrátt fyrir öll vandamálin sem þessu fylgdu þá fann ég styrk í orði Guðs. Ég áttaði mig á að Guð hafði ekki gert nein mistök þegar að hann skapaði mig eins og ég var, þrátt fyrir hjartagallann.

Þegar ég var í menntaskóla fékk ég köllun til að verða prestur. Á þessum tíma fannst mér eins og ég væri fangi eða þræll. Lífið gekk sin vanagang án þess að hafa sýnilegan tilgang. Það var síðan á kristilegum fundi að ég og bróðir minn (þremur árum yngri) komumst til trúar. Ég vissi ekki að bróðir minn hafði tekið þessa ákvörðun á sama tíma. Í hönd fóru spennandi tímar, ég leiddi marga af vinum mínum til Krists, kynntist konunni minni og upplifði blessun Guðs. Og þrátt fyrir ýmsa erfiðleika þá fundum við fyrir umhyggju Guðs. Þegar konan mín komst til trúar varð hún að pakka saman öllum föggum sínum og flytja að heiman. Foreldrar hennar voru ekki ánægðir með þessa ákvörðun. Þetta hefur síðan breyst og í dag er samband mitt við tengdaföður minn mjög gott.

Eftir að ég útskrifaðist frá presta-skólanum þjónaði ég söfnuði í Kakogawa. Ég hafði ekki mikið úthald. Það var erfitt fyrir mig að standa lengi í ræðupúltinu. Það var þá sem ég gat farið í hjartaaðgerð og hjartagallinn var lagaður. Aðgerðin gekk vel og ég læknaðist og fékk nýjan styrk og úthald sem ég hafði ekki haft áður. Og Guð blessaði starfið. En þrátt fyrir að allt gengi vel þá hafði ég ekki fullkominn frið í hjarta. Það var ákveðin guðfræðileg spurning sem ekki lét mig í friði. Þetta var til þess að ég ákvað að fara í meistaranám við Concordia háskóla í Bandaríkjunum. Eftir að náminu lauk fékk ég fyrirspurn frá prestaskólanum hvort ég gæti kennt við skólann. Ég hef köllun til að vera prestur og hafði ekki hugsað mér að gerast kennari. En eftir að skólinn hafði beðið mig nokkrum sinnum ákvað ég að leggja þetta í Guðs hendur. Og dag einn þegar ég var að predika talaði Guð til mín og sýndi mér að köllun mín væri einnig að mennta nýja kynslóð leiðtoga og presta fyrir Japan.

Síðustu árin hafa reynst skólanum mjög erfið. Þegar einn af stofnendum og styrktaraðilum skólans batt skyndilega



Sr. Makito Masaki.

enda á fjárhagslegan stuðning og tilkynnti í kjölfarið að hann gæti ekki lengur sinnt öðrum skyldum sínum við skólann - það var vissulega stórt skarð fyrir skildi, og við höfum því átt fullt í fangi með að halda skólanum gangandi. Samtímis þessu hefur nemendum við skólann fækkað. Og auk þess er orðið mjög brýnt að fá nýja kennara til skólans, meðalaldur kennaranna er mjög hár. En það þýðir ekki að leggja árar í bát í slíkum aðstæðum. Þetta er vissulega mikil eldraun fyrir ekki bara skólann heldur kirkjuna sem heild. Það er því mikilvægt að við missum ekki sjónar af markmiði og tilgangi skólans - að mennta presta og leiðtoga fyrir söfnuði hér í Japan. Við höfum því skilgreint 4 atriði sem við viljum leggja áherslu á. Í fyrsta lagi að auka guðfræðimenntun leikmanna, s.s. öldunga og djákna. Í öðru lagi að efla og mennta leiðtoga fyrir kirkjuna og söfnuðina. Í þriðja lagi að leggja áherslu á predíkun og í fjórða lagi á boðun.

Kirkjan í Japan stendur frammi fyrir skorti á forystu. Margar kirkjur og kristilegar menntastofnanir (eins og prestaskólinn í Kobe) í Japan eru að lognast út af vegna skorts á sterkum leiðtogum. Það er því mikilvægt fyrir okkur núna að nota þetta tækifæri til að enduruppgvötva köllun prestaskólans. Fjárhagslega verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti, en samtímis verðum við að hafa allar klær úti til að skjóta nýjum og traustum stöðum undir skólann og kirkjurnar í Japan. Þetta er vissulega krefjandi verkefni, en þetta eru einnig spennandi tímar,” segir Makito að lokum.

„Eitt besta ár lífs míns“

Íris Andrédóttir dvaldi eitt ár á Fjellhaug, alþjóðlegum lýðháskóla í Osló. Hún skræði sig í skólann eftir að hafa tekið þátt í UL unglingamóti í Stavanger í ágúst 2015.

Síðasta ár, árið mitt á Fjellhaug, er eitt besta ár sem ég hef upplifað. Ég tók þátt í UL-mótinu í ágúst í fyrra og þar sá ég kynningu á skólanum. Mér til mikillar ánægju var boðið upp á tónlistarbraut í skólanum og ég varð strax mjög áhugasöm. Ég talaði mikið við einn kennara skólans sem síðar átti eftir að reynast mér einstaklega vel og ég tók þá ákvörðun að skrá mig.



Í skólanum voru um 70 nemendur og boðið var upp á fjórar brautir. Ég valdi mér tónlistarbraut en það var einnig hægt að velja íþróttabraut, metrobraut og kristniboðsbraut, en þeir nemendur dvöldu stóran hluta skólaársins í Afríku. Á tónlistarbrautinni fékk ég tækifæri til að spila á alls konar hljóðfæri og mikil áhersla var á að spila eftir eyranu, með opnum tilfinningum. Það var svo sem ekki nýtt fyrir mér, en að fá að gera það frjálst í námi fannst mér stórkostlegur lærdómur. Ég fékk að semja mín eigin



lög og raddsetja með vinum mínum á tónlistarbrautinni. Fljótlega hafði einn skólafélaginn samband við mig og vildi spila og semja lög með mér. Í framhaldi af því fórum við að semja mikið af tónlist



og fengum tækifæri til að flytja hana við ýmis tilefni í skólanum, en við vorum einnig send víðs vegar um landið til að kynna skólann og tónlistina okkar.

Ferð til Balí

Í skólanum okkar var alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera. Við fórum í ferð til London þar sem við fengum að kynna okkur lofgjörð og gildi tónlistar í kristilegu starfi. Við fórum einnig til Balí. Það var ógleymanleg ferð. Í þrjár vikur fengum við að ferðast um, kynnast kristniboðum, frá Noregi og Bandaríkjunum, og starfi þeirra. Við kynntumst tónlistarmenningu Balí-búa og þar fékk ég líka tækifæri til að kynna fyrir þeim frumsamda tónlist og norska lofsöngva. Mér fannst stórkostlegt að fá að kynnast kristnu fólki í Indónesíu, menningu þeirra og finna hvað trúin sameinaði okkur. Alls staðar, hvert sem ég fór og söng fyrir fólk, voru mér gefnar gjafir, ávextir og smámunir og fyrirbær frá fólkinu. Ég fékk að hitta prinsinn af Balí og spila á sérkennilegar trommur fyrir hann, sem mér þótt mjög gaman.



Mikill lærdómur en líka mikil gleði

Ég lærði mikið á þessu ári mínu á Fjellhaug. Ég eignaðist góða vini sem mér þykir óendanlega vænt um og ég fékk að kynnast því hvernig ég get fengið að vera farvegur fyrir kærleika Guðs í gegnum tónlistina. Ég fékk að læra á nýjan hátt dýptina í lofsöngnum til Guðs. Um leið var svo mikil gleði og það var svo gaman. Við áttum einstakt samfélag á Fjellhaug og þar ríkti mikil samkennd. Við hlógum saman alla daga og höfðum það rosalega skemmtilegt, en ef einhverjum leið illa stóðum við líka saman, grétum saman og fengum að finna styrkinn sem felst í vináttunni. Það var mér mikill lærdómur en líka mikil gleði. Þetta ár verður mér ógleymanlegt og ég mun varðveita minningarnar í hjarta mínu um ókomin ár.



Styrktartónleikar fyrir flóttabörn

Kristniboðssambandið efndi til styrktartónleika, sunnudaginn 11. september, fyrir Sat7 sjónvarpsstöðina. Fjölmarginir sóttu tónleikana sem haldnir voru í húsi KFUM og K við Holtaveg í Reykjavík. Marginir þekktir og minna þekktir listamenn komu fram og sungu eða spiluðu á hljóðfæri. Aðgangur var ókeypis en tekið var á móti gjöfum til skólasjónvarps fyrir flóttabörn í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku

sem sjónvarpsstöðin Sat7 sendir út. Skólasjónvarpið hjálpar börnum sem hrakist hafa frá heimilum sínum og búa í flóttamannabúðum. Mörg börn hafa ekki getað gengið í skóla í nokkur ár. Kristniboðssambandið styður Sat7 fjárhagslega. Keith Reed hafði veg og vanda að tónleikunum og er honum, svo og öllum listamönnum sem allir gáfu vinnu sína, færðar innilegar þakkir. Ágóðinn nam tæpum 400.000 krónum.

Hjálp mín kemur frá Drottni



Ég hef augu mín til fjallanna, hvaðan kemur mér hjálp? Hjálp mín kemur frá Drottni, skapara himins og jarðar. Hann mun ekki láta fót þinn skriðna, vörður þinn blundar ekki. Nei, hann blundar ekki og sefur ekki, hann, vörður Ísraels. Drottinn er vörður þinn, Drottinn skýlir þér, hann er þér til hægri handar. Um daga mun sólarhitinn ekki vinna þér mein né heldur tunglið um nætur. Drottinn mun vernda þig fyrir öllu illu, hann mun vernda sál þína. Drottinn mun varðveita útgöngu þína og inngöngu héðan í frá og að eilífu. Í Sálmi 121 í Biblíunni vitnar Davíð konungur um sterkt traust sitt á Drottni og á fyrirheitin sem hann hefur gefið, bæði honum og öllu mannkyni. Þessi sálmur, ásamt t.d. Sálmi 23, miðla sannfæringu byggða á reynslu Davíðs. Orð eins og; *mun, er, skýlir*, o.fl. tala til okkar þegar erfiðleikar og ótti mæta okkur í lífinu. Vitnisburður Davíðs hjálpar okkur að treysta fyrirheitum Guðs, jafnvel þó erfiðleikar, sjúkdómar og sorg hlaðist upp í daglegu lífi okkar. Guð gengur ekki á bak orða sinna.

Davíð miðlar okkur traustinu á trúfesti Guðs. Sjálfur var hann maður sem glímdi við synd og afbrot, yfirsjónir og vanrækslu, ósannindi og fals – svona eins og við flest þekkjum í okkar lífi. En hann vissi hver Guð er! Hann fann fyrir hönd Guðs (Sálm. 32,4). Hann þekkti leiðina og vissi hvar hjálp væri að fá. *Hjálp mín kemur frá*

Drottni...!, Hann mun eigi...!, hann blundar eigi...!, hann er vörður þinn...!, hann skýlir þér...! En þrátt fyrir þessi orð, fell ég í synd, mæti mótlæti og sorg og lendi í ýmsum hremmingum í lífi mínu. Og kristið fólk víða um heiminn sætir ofsóknum og er tekið af lífi vegna trúar sinnar á Jesú. Er þá ekkert að marka fyrirheitin?

Jú, því Drottinn ER með – hann sleppir ekki, hann sefur ekki! Hann hefur ekki lofað okkur gleði, heilsu, hamingju, syndleysi eða öðrum veraldlegum „gæðum“. En hann hefur lofað að vernda sálina! Hans fyrirheit er að varðveita útgöngu mína og inngöngu og vera nálægur öllum stundum – bæði slæmum og góðum, í sorg og gleði, í ósigrum og sigrum. Í því er hin raunverulega gleði og ró fólgin.

Hann heitir mér og þér blessun, vernd og handleiðslu gegnum lífið og inn í eilífðina. Hann mun bera mig þegar ég er máttvana, hann skýlir gegn illu og er alltaf nálægur, – eins og skugginn mér við hlið. Hefur þú, lesandi minn, reynt þessa trúfesti Drottins? Fyrirheitin eru líka gefin þér!

Að lokum orð Jósúa Núnssonar í Jós. 24,15: „*Kjósið þá í dag hverjum þér viljið þjóna, hvort heldur guðum þeim, er feður yðar þjónuðu... eða guðum Amoríta... En ég og mínir ættmenn munum þjóna Drottni*“. Viltu taka við þessum orðum Guðs eða viltu bjarga þér sjálfur?

FHZ

Afmæli systur-samtaka SÍK



Systursamtök og einn helsti samstarfsaðili Kristniðóðssambandsins á liðnum áratugum, Norsk Luthersk Misjonssamband, NLM, héldu upp á afmæli sitt í sumar er 125 ár voru liðin frá stofnun þeirra í Bergen árið 1891. Kveikjan var „Kallið frá Kína“ enda hétu samtökin framan af Det norske lutherske Kinamisjonsforbund. Samstarf hefur verið við NLM frá starfsárunum í Kína og síðar í Eþíópíu, Keníu og Japan.

Undirrituðum var boðið að mæta fyrir hönd Kristniðóðssambandsins og einnig að taka þátt í þriggja daga kristniðóðsráðstefnu þar sem um 100 manns frá 21 landi komu saman. Í boði var fræðsla, fyrirlestrar og gott samfélag. Fulltrúar flestra landa sem NLM hefur starfað í voru mættir auk fulltrúa norrænna samstarfssamtaka. Eitt kvöldið var valfrjáls dagskrá þar sem leikur Íslands og Portúgals var sýndur í fyrirlestrasal Alþjóðaháskólans Fjellhaug. Fékk Íslendingurinn mikla hvatningu frá viðstöddum áhorfendum frá fjórum heimsálfum. Undirtónn ráðstefnunnar var kallið til kristniðóðs enda mikið ógert í því að ná til allra þjóða og þjóðarbrotu með fagnaðarerindið um Jesú Krist.

Lokahnykkurinn var síðan afmælishátíð í konserthúsinu í Osló. Sagan var rifjuð upp í stuttu, myndrænu og skemmtilegu máli, sungið, beðið og hlustað á vitnisburði og tónlist fyrrum nemenda á skólum NLM sem eru nokkuð margir og dreifðir víða um Noreg. Í hléi fengu allir bita af afmæliskökunni, kaffi, te eða kaldan drykk. Kvöldið var bæði ánægjulegt og eftirminnilegt.

Samstarf Kristniðóðssambandsins og NLM hefur verið farsælt og mjög hentugt fyrir lítil samtök eins og SÍK þar sem íslenskir kristniðóðar hafa verið hluti af stærri heild og getað gengið inn í stuðningsnet sem hefur komið sér vel.

Ragnar Gunnarsson

Starf í Pókot



Guðspjónusta í Kasei.



Grunnskóli byggður í Akelin.



Yngstu nemendurnir læra úti.

Kristniðoðssambandið hefur starfað í Pókot í Keníu frá árinu 1978. Nú eru þar engir fastbúandi kristniðoðar en Skúli Svavarsson, Ragnar Gunnarsson og Fjölur Albertsson fara þangað reglulega til starfa í nokkra mánuði í senn. Sr. Nicholas Loyara stjórnar kristniðoðsstarfinu í Norður-Pókot, Marakwet, Baringó, Túrkana og svæðum í nágrannlandinu Úganda. Á þessum stöðum eru um 50 söfnuðir með rúmlega 4000 meðlimum.



William Komole

Fjölur ræddi við Nicholas Loyara í byrjun september og segir eftir honum að starfið gangi almennt vel. Öflugast er starf kirkjunnar í bæjunum Mbaru, Kasei og Korokow. Þar eru flestir stærstu söfnuðirnir og öldungarnir eru virkir í starfinu. Lúterska kirkjan í Keníu (ELCK) vonast til að predikarar þaðan geti orðið fyrstu heimamennirnir sem verða vígðir til prests. Korokow sóknin var orðin svo fjölmenn að ákveðið var að skipta henni í tvennt. Nýja sóknin heitir Kangoletiang. Boðunarstarf hófst á nýju svæði í

Baringó í ár. Það gengur ekki nógu vel vegna þess að umsjónarmaður starfsins veiktist og á erfitt með að komast á staðinn. Hinsvegar eru mjög jákvæðar fréttir frá Kolowa í Baringó. 60 fullorðnir einstaklingar voru skírðir þar síðasta sunnudag í ágúst. Á þessu svæði hefur verið mótbyr og í mörg ár hefur starfið eingöngu verið borið uppi af konum og unglingun/börnum ásamt einum öldungi. Biðjum þess að fólkið varðveitist í trúnni og vaxi í þekkingu og kærleika. Starfið í Marakwet gengur vel og er áætlað að byrja starf á nýjum stað þar fljótlega. Loyara sendir kristniðoðsvinum á Íslandi kveðjur sína. Stefnt er að því að hann heimsæki Ísland á næsta ári og taki þátt í kristniðoðsviku.

Kynning á predikurum í Pókot

Julius Lokir starfar í nyrsta hluta Pókots. Eftir að hafa starfað sem predikari í nokkur ár var honum boðið að taka þátt í prestnámi sem hann lauk árið 2008.



Julius Lokir.

Hann ber ábyrgð á starfi þriggja sókna með um 700 meðlimi. Með Juliusi starfa þrír menntaðir predikarar. Starfið gengur misvel. Í Mbaru og Úganda gengur starfið mjög vel og það fjölgar í kirkjunni en lítil vöxtur er í Alale og Lengorok. Í Katuda verður haldið unglingamót fyrir allar sóknir í Norður-Pókot nú í október. Reiknað er með um 400 – 500 þátttakendum á mótinu. Julius er kvæntur Grace sem starfar sem djákni í biskupsumdæminu.

William Komole býr í Kasei í Norður-Pókot. William lauk predikaranámi árið 2009. Hann sér um starfið í Ombolion. Til að komast þangað þarf hann að ferðast dagleið með matatu, lítilli rútú. Hann dvelur þar í 3 vikur í senn og er síðan 2 vikur heima. Starfið þar er tiltölulega nýtt og engir af þeim sem mæta á skipulagðar samkomur eru skírðir. Þegar ég talaði við Komole í byrjun september sagði hann að starfið hefði raskast verulega fyrir 2 árum vegna ófriðar. En síðasta ár hefði verið friður og starfið væri að vaxa. Það væru samkomur í Ombolion á miðvikudögum og þar mættu um 15 konur og 5 menn. Á föstudögum er samfélag til skiptis í þorpunum Takawa eða Kases. Þar hittast um 7 konur og 3 menn. Á sunnudögum er sameiginleg guðspjónusta. Komole sagði að hann myndi leggja áherslu á lestur og biblíukennslu, samfélag, söng og bæn næstu mánuðina. Hann skilar þakklæti og kveðju. William er giftur Elisabeth og eiga þau 6 börn.

Fjölur Albertsson

Ofbeldi gegn kristnum koptum

Kristniboðssambandið lítur á starf kristilegu sjónvarpsstöðvarinnar Sat-7 sem hluta af starfi sínu þar sem SÍK styður Sat-7 fjárhagslega. Sat-7 er gervihnattasjónvarpsstöð sem nær til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Markmiðið er að styrkja og uppörva kristið fólk í þessum löndum. Stöðin sendir út á fimm rásum allan sólarhringinn Ein rásin er á arabísku. Þar eru sýndir þættir í beinni útsendingu sem nefnast Brýr. Í þáttunum er fjallað um mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Nýlega var rætt um árásir öfgamanna og hugsanlega lausn á þeim.

Kristin kona í koptísku kirkjunni horfði á öfgamenn kveikja í íbúðarhúsum og henda kristnum börnum inn í eldinn en náði sjálf að grípa grátandi barn sitt og flýja eins og fætur toguðu. Konan, sem kom fram í þættinum Brúm, er ein af mörgum kristnum koptum sem neyddust til að flýja undan þrjú hundruð æstum öfgamönnum sem réðust á heimili þeirra í Minyahéraði í Norður-Egyptalandi. Árásin



var gerð eftir að orðrómur um að verið væri að byggja kirkju barst meðal manna. Atvikið er það nýjasta í röð árása sem kristnir koptar í Egyptalandi hafa orðið fyrir.

Viðbrögð í þáttunum

Tveir af byggjum þáttum Brúa voru helgaðir umræðum um hið stigmagnandi ofbeldi gegn kristnum koptum. Í þáttunum voru m.a. lögfræðingar, opinberir öryggisfulltrúar og sérfræðingar um málefni Koptísku kirkjunnar sem áttu að reyna að varpa ljósi á atburðina og koma með tillögur að lausn. Niðurstaðan var að menn töldu ástæður aukinna árása

vera trúaröfgar, skort á öryggisgæslu og skort á pólitískum vilja í sumum héruðum landsins til að vernda egypska kopta.

„Við stöndum frammi fyrir þeim vanda að öfgamenn telja að með því að gera kristna kopta að skotskífum verði það þeim leið til koma forseta landsins frá,“ sagði Kamal Zakher, rithöfundur og aðgerðasinni.

Angaelos, biskup koptísku orþódox-kirkjunnar í Bretlandi, hvatti til fyrirbænar fyrir Egyptalandi og stjórnvöldum landsins og sagði m.a.: Biðjum og vonum að hjarta og hugur manna verði opnari fyrir einingu, réttlæti, jafnrétti og hæli fyrir kúgaða.“

(Heimild: Sat7.org)

Taktu þátt í stórkostslegu starfi



Kristniboðssambandið nýtur þess að stór hópur fólks styður starfið með fjárframlögum. Án þess væri lítið hægt að gera. Þessi misserin hækkar allur rekstrarkostnaður nokkuð, bæði launagjöld og húsnæðiskostnaður hér heima og fleiri verkefni sem við styðjum erlendis. Vandinn sem blasir við er að fastar gjafir hafa hækkað lítið sem ekkert á undanförunum misserum.

Því vill stjórn SÍK hvetja sem flesta sem ekki eru reglulegir gefendur að skuldbinda sig til að gefa ákveðna upphæð mánaðarlega. Það geta verið eitt eða fleiri þúsund krónur. Eins vill stjórnin hvetja þá sem þegar gefa reglulega að skoða hvort tækifæri sé til að hækka mánaðarlegt framlag. Á einu ári þýðir 500 króna hækkan

6.000 krónur. Upphæð og fyrirkomulagi má alltaf breyta ef aðstæður breytast. Einfaldast er að gefa með gjafakorti eða beingreiðslum og sumir bankar bjóða upp á sjálfvirka millifærslu á gjafareikning góðgerðasamtaka. Hafið óhikað samband við skrifstofu SÍK ef spurningar vakna eða fólk vill taka þátt í gjafakerfi.

Gjafir okkar til starfsins í Guðs ríkis eru jafnframt þakkargjafir vegna alls þess sem Guð hefur gefið okkur. Fagnaðarerindið hefur umbreytt lífi fjölda fólks til hins betra og Kristniboðssambandið styður margvísleg verkefni sem hafa sem markmið að bæta hag fólks, ekki síst með aðgengi að lestrarkennslu, skólum og menntun á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

RG

Fjölbreytni í samkomuhaldi haustsins

Samkomunefnd SÍK ákvað að breyta aðeinstilásamkomum í Kristniboðssalnum nú á haustmiseri. Einu sinni í mánuði verður svokölluð söngsamkoma þar sem meira er lagt upp úr söng en venjulega. Fyrsta samkoman var 14. september með þátttöku Helgu Magnúsdóttur. Næsta söngsamkoma verður 12. október og mun Íris Andrésdóttir bæði syngja og hafa vitnisburð.

Einu sinni í mánuði verða samkomur með alþjóðlegu yfirbragði þar sem hugleiðingin verður á ensku með túlkun og söngvar blandaðir. Fyrsta slíka samkoman verður 21. september en þá mun Beyene Gailassie hafa hugleiðingu. Loks verða samkomur einu sinni í mánuði sem eiga að höfða frekar til ungs fólks og sú fyrsta verður 28. september. Þá mun Jörgen Storvoll, kennari á biblíuskólanum Fjellheim í Trosmsö í Noregi tala og 7 ungmenni, sem verða hér með honum, munu taka þátt í samkomunni.

Lestrarkennsla í Ómó Rate

Við hjónin, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Karl Jónas Gíslason, ferðuðumst til Eþíópíu í sumar. Ferðinni var heitið til Ómó Rate í Suður-Ómó. Síðastliðið haust barst okkur beiðni um að hjálpa til við lestrarkennsluverkefni (Af Dasenet). Ég, Ragnheiður, hafði á sínum tíma hjálpað til við að koma þessu verkefni á legg og nú var þreyta og lúi kominn í mannskapinn. Ýmis vandamál höfðu komið upp í starfinu og voru uppi spurningar hvort verkefnið héldi áfram. Kennsla hafði legið niðri í nær eitt og hálft ár og virtist sem áhugi fyrir verkefninu færi þverrandi.

Við lentum í Addis Abeba, höfuðborg Eþíópíu, og strax daginn eftir hittum við Ísabellu, pólskan kristniðóða, sem starfar sem ráðgjafi í lestrarverkefnum innan Mekane Yesus kirkjunnar í suðvestur synodu (biskupsdæmi) kirkjunnar. Eftir samtal við hana læddist að okkur ótti um að tími Af Dasenet væri liðinn. Fréttirnar sem við fengum voru afar neikvæðar og við bjuggum okkur undir að lestrarkennslan yrði lögð niður. Við héldum því suður á bóginn frekar niðurlút og döpur. Á leið okkar komum við til Awassa og hittum þar norska kristniðóða og tvíburana okkar. Þar dvöldumst við í örfáa daga og tókum meðal annars þátt í bænastund með vinum okkar. Textinn sem lesinn var úr Biblíunni var um unga drenginn sem var með fiskana og smábrauðin. Sagan um það þegar Jesús mettaði 5000 manns. Drengurinn átti ekki nema „smotteri“ að gefa Jesús en lét það honum í té. Kristur tók við þessu litla sem hann gaf og mettaði allan mannfjöldann. Við Kalli fundum bæði hvernig á þeirri stundu læddist fram neyðaróp til Drottins. „Drottinn, við erum komin alla leið frá Íslandi til að hjálpa til. En við höfum svo litla von, svo lítið að gefa þér!“ Á þeirri stundu afhentum við Guði vanmátt okkar og efa. Við fundum hvernig friður hans fyllti hjörtu okkar, þrátt fyrir svartsýni okkar um Af Dasenet. Frá Awassa héldum við svo til Arba Minch, hittum forseta kirkjunnar þar og héldum svo áfram suður með viðkomu í Konsó.


Við komum heim til Ómó Rate frekar niðurlút og vonlaus. Fundum samt fyrir gleðinni yfir því að vera komin heim. Byrjuðum á því að þrifa húsið hátt og lágt. Strax daginn eftir fórum við til Kabusía, þar



Ragnheiður kennir á námskeiðinu.

sem kennarar Af Dasenet búa. Við komum keyrandi að húsi Erugit, eins kennaranna og leiðtoga í söfnuðinum. Kalli fór inn og ég sá hvernig andlit beggja þessara manna ljómaði af gleði og kærleika. „Ég kom ekki einn!“, segir Kalli við hann. Erugit kemur hálf hlaupandi að bílnum og rífur upp hurðina. „Raggý, þú ert komin! Við getum þá byrjað með Af Dasenet aftur!“, segir hann um leið og ég stíg út úr bílnum til að heilsa honum. Faðmlag hans, gleðin í andlitinu segir allt sem segja þarf. Ég finn sjálf hvernig tárin þrýstast fram. Tár gleði og væntumþykju. „Þið hafið ekki gleymt okkur“, bætir Erugit við. Við útskýrum fyrir honum að þessi heimsókn Kalla, snúist bara um lestrarkennsluna. Við erum komin til að hjálpa þeim, ef þeir vilja. Boðað er til kennarafundar nokkrum dögum seinna þar sem við ætlum að fara yfir málin. Þá hittum við alla kennarana; Erugit, Areny, Nanok og Nyakabel. Við ræddum málin við þá og stöðu Af Dasenet. Við sögðum þeim að nú væri svo komið að verkefnið gæti ekki greitt þeim laun sem kennurum en að við vildum gjarnan að kennsla í dasenetmálinu yrði hluti af þjónustu kirkjunnar við fólkið, á sama hátt og að vera í kirkjukórnum

eða öldungur í kirkjunni. Þeir ræddu þetta aðeins innbyrðis og sneru sér svo að okkur. „Auðvitað viljum við halda áfram! Lestur er grundvöllur framfara og þekkingar. Við viljum hjálpa fólkinu okkar.“ Gleði fyllti huga okkar og hjörtu. Því var ákveðið að halda kennaranámskeið strax á laugardeginum. Ég fór heim að undirbúa mig frekar. Við Kalli fórum á skrifstofu Af Dasenet til að finna kennslugögn; bækur, stílabækur, penna og þessháttar. Ég sat svo yfir lestrarkennslubókinni til að gera mér grein fyrir hvernig hún væri sett upp. En því miður hafði ég ekki kennarahandbókina. Þessi yfirferð tók á




Áhugasamir kennaranemar.

og á köflum fannst mér þetta mjög erfitt. En ég einsetti mér að mér skildi takast þetta. Við báðum mikið saman, Kalli og ég, lögðum allt í Guðs hendur og báðum hann um leiðsögn.

Svo héldum við námskeiðið. Á fyrsta degi fór ég í gegnum það hvernig kennslubókin væri uppbyggð. Kennararnir þekktu allir gömlu kennslubókina, sem við höfðum í sameiningu unnið. Nýja bókina var aðeins öðruvísi sett upp. En þegar ég hóf útskýringarnar heyrði ég allt í einu Nyakabel segja: „Já, en þetta er jú það sama og við vorum búnir að læra! Þetta er jú sama aðferðin og í gömlu bókinni“. Svo útskýrði hann aðeins fyrir félögum sínum hvernig hann áttaði sig á þessu. Megin munur bókana tveggja var framsetningin, ekki aðferðin. Við þessa uppgötvun varð léttara fyrir þá að skilja það sem fram fór á námskeiðinu. Á öðrum og þriðja degi námskeiðsins kláruðum við að fara í gegnum kennslubókina. Síðustu dagana fóru svo í æfa þá í að kenna lestur og nota það sem þeir höfðu lært á námskeiðinu. Hver á fætur öðrum komu þeir upp að töflu og höfðu sína kennslustund. Við ræddum svo um það sem vel tókst og það sem betur mátti fara. Allan tímann, sem námskeiðið stóð, ljómuðu þeir af gleði og áhuga.

Þegar námskeiðið var hálfnað kom Lago, fyrrum yfirmaður kirkjunnar í Ómó Rate, í heimsókn. Við höfðum spurt hann hvort hann hefði einhver tók á að hjálpa okkur meðan við dvöldum í Ómó Rate. Lago hefur brennandi hjarta fyrir Dasenetfólkinn. Hann þráir heitast af öllu að fagnaðarerið um Jesú Krist nái til þess. Við ræddum heilmikið við hann um *Af Dasenet* og hvernig við gætum tengt lestrarkunnáttuna beint inn í starf kirkjunnar. Þannig er að við, Mekane Yesus í Ómó Rate, eigum um 500 eintök af Nýja testamenninu á dasenettungumálinu. En bækurnar gera lítið gagn ef enginn les þær. Niðurstaða samræðna okkar við kennarana í Kabúsía var að hvetja þá sem kynnu að lesa að taka þátt í safnaðarstarfi kirkjunnar með því að lesa úr Nýja testamentinu í guðspjónustum og annarri dagskrá kirkjunnar. Hingað til hefur alltaf verið lesið á amharísku, ríkismáli Eþíópíu, og svo túlkað yfir á dasenetmálið. Kennararnir, sem allir



Æfingakennsla.

eru öldungar í sínum söfnuði, ljómuðu. „Auðvitað, af hverju höfum við ekki gert það fyrr?“, sögðu þeir hver við annan. Sömuleiðis voru þeir hvattir til að skrifa ritningarstaðina á tungumáli sínu, en ekki amharísku, þannig að söfnuðirnir vendust við sitt eigið tungumál. Strax sunnudaginn eftir þennan fund sáum við breytingu. Á töflunni í kirkjunni var búið að skrifa ritningastaðina á dasenetmáli og texti dagsins úr Nýja testamentinu lesinn á því einnig. Það var svolítið sérstakt að sitja og hlusta á lesturinn. Ég skildi ekki svo mikið af því sem lesið var, en í hjarta mér hljómaði lofsöngur. Þeir notuðu sitt eigið tungumál í kirkjunni!

Dag nokkurn spurði Nanok okkur hvort við gætum hjálpað sér að byggja skólastofu í Nymemeri, handan árinna. Við fengum styrk frá Kristniboðssambandinu og gátum svarað því játandi. Við fórum í bæinn og keyptum bárujárn og nagla. Nokkrum dögum seinna lögðum við svo af stað út í skóg. Nanok og nokkrir vinir hans höfðu fellt tré fyrir skólaskýlið og við lofuðum að flytja það að árbakkanum. Við vorum ekki með kerru þannig að viðnum var raðað upp á bílinn og þurftum við að keyra tvær ferðir með öll trén. Þetta var á föstudegi. Daginn eftir mættum

við eldsnemma og smíði skýlisins hófst. Okkur lá nokkuð á því örfáum dögum síðar voru við að kveðja Ómó Rate og við vildum ljúka þessari vinnu áður en við færum. Við vorum í Nymemeri fram á kvöld. Að dagsverki loknu var skýlið nær fullklárað. Við komum svo aftur á mánudeginum og klárum verkið. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að á örfáum dögum tókst að höggva við og reisa skólaskýlið. Þetta tókst ekki síst fyrir hjálp Lago sem stjórnaði verkinu. Seinni part mánudagsins snerum við heim til Ómó Rate, kláruðum að pakka og kveðja vini okkar. Snemma morguninn eftir héldum við svo af stað til Addis Abeba.

Við komum til Ómó Rate frekar vonlaus, héldum að í raun værum við komin til að enda *Af Dasenet* lestrarkennsluna. Við höfðum hrópað á Guð um leiðsögn. Að Hann myndi nota það litla sem við gætum gefið Honum starfi sínu til eflingar. Hann svaraði bænum okkar. Við komum með smábrauð okkar og fiska til Drottins og Hann gerði kraftaverk! Lestrarverkefnið *Af Dasenet* heldur áfram! Við snerum því heim með lofsöng í hjarta, þakklát Guði fyrir að geta notað okkur Dasenetfólkinn til blessunar. Guð er góður.

Ragnheiður Guðmundsdóttir



Menntunarsjóður SÍK

Iðulega berast beiðnir um stuðning við nám barna og fullorðinna á starfssvæðum Kristniðóðssambandsins (SÍK) í Eþíópíu og Keníu. Fagna ber auknum skilningi á gildi menntunar og mikilvægt er að sýna stuðning í verki þegar fátækt hamlar skólagöngu, án þess að þau fjárframlög rýri það fjármagn sem veitt er til annarra verkefna í kristniðóðsstarfinu.

Menntunarsjóður SÍK er settur á laggirnar til að mæta þessari knýjandi þörf. Sá sjóður á að styrkja skólagöngu munaðarlausra barna og annarra sem foreldrar geta ekki séð fyrir. Hann á einnig að styðja börn starfsmanna kirkjunnar til náms í þeim tilvikum þegar tekjur foreldranna eru lágar og stopular sem því miður er oft reyndin í fátækum söfnuðum. Loks mun sjóðurinn í vissum tilvikum styrkja til náms fátæka prédikara- og prestsnema sem að námi loknu starfa á heimaslóð og stuðla þannig að frekari uppbyggingu kirkjunnar á svæðinu.

Stjórnir lúthersku kirknanna á starfssvæðum SÍK í Keníu og Eþíópíu forgangsraða beiðnum um styrki úr sjóðnum. Úthlutað er tvisvar á ári.



Tekjur sjóðsins eru aðallega frjáls framlög velunnara sem vilja styrkja þennan þátt starfsins alveg sérstaklega. Það gerum við með því að leggja inn á bankareikning: 0117-26-009000 og merkja innlegginn „mennt“. Kennitala Kristniðóðssambandsins er 550269-4149. Fyrir sjóðinn er best að fá reglubundin mánaðarleg framlög sem hægt er að stilla af í heimabanka eða með aðstoð þjónustufulltrúa í bankaútibúi.

Með von um góðar undirtektir og fyrirfram þökk!

Ólafur Jóhannsson

Kristni- boðsmót að Löngumýri

Hulda Björg Jónasdóttir og Kristján Sigurðsson skrifa um kristniðóðsmótið í sumar.

Eins og undanfarin 15 ár skelltum við hjónin okkur á kristniðóðsmót að Löngumýri í Skagafirði dagana 15. til 17. júlí s.l. Að vísu var þessi ferð öðruvísi en hinar fjórtán að því leyti að við vorum barnlaus.

Að venju var fjölbreytt dagskrá í boði alla helgina, svo sem biblíulestur, umræðuhópar, kristniðóðssamvera með áherslu á starfið í Eþíópíu, vitnisburðastund og guðþjónusta. Allar þessar stundir voru okkur hjónunum til mikillar blessunar og ekki síst til uppörvunar.

En af hverju förum við á kristniðóðsmót ár eftir ár?

Jú, við förum til þess að hitta þessa trúföstu kristniðóðsvini sem koma ár eftir ár til þess að uppörvast saman í Orðinu, heyra frásögur og fréttir af kristniðóðsstarfinu bæði innanlands og erlendis og eiga gott samfélag. Í fyrra vorum við svo heppin að hafa Leif Sigurðsson og fjölskyldu hér heima og voru þau með okkur á Löngumýri og sögðu okkur frá starfinu í Japan.

Á Löngumýri er gott að vera, staðurinn er fallegur og aðstaðan góð. Sumir velja að gista inni og kaupa sér máltíðir en aðrir, eins og við hjónin, velja að tjalda úti og elda fyrir sig til að upplifa eka útilegustemmningu.

Lítill sundlaug er á staðnum þar sem börnin una sér vel og svo er oft farið í ýmsa leiki þar sem bæði börn og fullorðnir taka þátt.

Milli stundanna er svo hægt að setjast niður og ræða saman um allt milli himins og jarðar bæði trúalegs sem og veraldlegs eðlis.

Eftir svona góða helgi fer maður heim með gleði í hjarta og þakklæti fyrir að fá að vera með í þessu mikilvæga starfi sem Guð hefur falið okkur.

Hulda og Kristján

Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM

Á.K. Sjúkraþjálfun ehf

B. Ingvarsson ehf

Bílasmiðurinn hf

Blómabúðin Hlíðablóm

Bónstöðin hjá Jobba ehf

Brauðhúsið ehf

Danica sjávarafurðir ehf

Efling stéttarfélag

Eignamiðlunin hf

Endurskoðun og reikningsskil hf

Fastus ehf

Félag atvinnurekenda

Fiskmarkaðurinn ehf

Fríkirkjan í Reykjavík

Garðs Apótek ehf

Gjögur hf

GLÁMA-KÍM arkitektar

Guðmundur Arason ehf, smíðajárn

Gullkistan skrautgripaverslun

-www.thjodbuningasilfur.is

Gullsmiðurinn í Mjódd

Halli Gullsmiður

Hamborgarabúlla Tómasar

- Við erum öll jöfn

Henson sports

Hótel Leifur Eiríksson ehf

Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel

Hreyfill

Höfðakaffi ehf

Innnes ehf

Íslensk endurskoðun ehf

Íslenska auglýsingastofan

Kvika ehf

Löndun ehf

Nýi ökuskólinn ehf

Ó. Johnson & Kaaber ehf

Ólafur Þorsteinsson ehf

Pósturinn

Suzuki bílar hf

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

Tannlæknastofa Geirs A Zoega

Tónskóli þjóðkirkjunnar, Grensáskirkju

Varma & Vélaverk ehf

Verkfræðistofan VIK ehf

Verslunin Brynja ehf

Verslunin Rangá

VSÓ Ráðgjöf ehf

Þorsteinn Bergmann ehf

Kópavogur

ABC-Barnahjálpi

Kambur ehf

Rafmiðlun hf

Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf

Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar

Vídd ehf, flísaverslun

Garðabær

66° Norður

Árvík hf

Fagval ehf

Garðabær

Geislataekni ehf-Laser-þjónustan

Marás vélar ehf

Samhentir

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf

Donna ehf

H. Jacobsen

Hrafnistuheimilin

Útvík hf

Víðir og Alda ehf

Reykjanesbær

Sigurjónsbakarí

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Hópsnes ehf

Marver ehf

Veitingastofan Vör ehf

Vísir hf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi

Nonni litli ehf

Akranes

Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Skorradalshreppur

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Filadelfía Stykkishólmi

Reykhólahreppur

Þörungaverksmiðjan hf - Reykhólum

Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf

Samgöngufélagið- www.samgongur.is

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður

Glaður ehf

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

Tálknafjörður

T.V. Verk ehf

Skagatrönd

Skagabyggð

Sauðárkrókur

Vörumiðlun ehf

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Akureyri

Grófargil ehf

Höldur ehf, bílaleiga

Raftákn ehf - Verkfræðistofa

Dalvík

Vélvirki ehf, verkstæði

Egilsstöðum

Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf

Reyðarfjörður

Tærgesen, veitinga- og gistihús

Eskifjörður

Fjarðarþrif ehf

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf

Höfn í Hornafirði

Skinney-Þinganes hf

Uggi SF-47

Selfoss

Bókaútgáfan Björk

Jeppasmiðjan ehf

Hveragerði

Dvalarheimilið Ás

Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf

Miðstöðin ehf

Ós ehf

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

Á döfinni

Kristniboðsdagurinn og kaffisala

Kristniboðsdagurinn verður haldinn í kirkjum landsins sunnudaginn, 13. nóvember. Sama dag verður kaffisala Kristniboðsfélags karla í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58-60.

Samkomur á miðvikudögum

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Að þessu sinni verða mismunandi áherslur á samkomunum eins og sjá má annars staðar í blaðinu. Dagskráin er auglýst í Morgunblaðinu og á heimsíðu

Kristniboðssambandsins, sik.is. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Fjölskyldusamkomur og Föstudagsklúbburinn hefja göngu sína innan tíðar og verða auglýstar á heimasíðu SÍK og á fésbókinni.

Almanakið

Almanak Kristniboðssambandsins fyrir árið 2016 er væntanlegt fyrir kristniboðsdaginn 13. nóvember. Almanakið er gefið út til kynningar á starfi félagsins og til fjáröflunar. Því er dreift ókeypis.

Jólabasar

Kristniboðsfélag kvenna heldur sinn árlega jólabasar laugardaginn, 19. nóvember í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut.

Íslenskukennsla

Kristniboðssambandið býður upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir útlendinga tvisvar í viku eins og í fyrra. Kennslan fer fram á þriðjudögum og föstudögum kl. 10-11.30 í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58-60.

Alfanámskeið

Kristniboðssambandið mun bjóða upp á alfanámskeið í haust. Kynningarfundur var mánudaginn, 19. september í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58-60.

Námskeiðið er öllum opið, bæði Íslendingum og útlendingum.

Molar - stuttar fréttir

Styrkveiting

Í byrjun september skrifaði framkvæmdastjóri SÍK undir samning við Utanríkisráðuneytið vegna styrks við verkefnið Menntun fyrir alla – tveir framhaldsskólar í Pókot. Framlag ráðuneytisins er 12,2 milljónir, framlag SÍK 1,5 milljónir og framlag heimamanna hátt í það sama. Fyrir þessa fjármuni á að reisa tvær heimavistir við framhaldsskólann í Emboasis, skrifstofu- og stjórnunarbyggingu fyrir Propoi Girls Secondary School og að styrkja 30 stúlur frá efnalitlum heimilum til náms í síðarnefnda skólanum. Við byggingu aðstöðu í Propoi losna tvær kennslustofur sem hafa verið nýttar undir skrifstofur og vinnuáðstöðu kennara.

Samstarfið við ráðuneytið er fagnaðarefni en það hefur áður styrkt byggingu tveggja heimavista við skólann í Propoi og þar áður styrkti Þróunarsamvinnustofnun Íslands byggingar skólans, í bæði skiptin með mótframlögum SÍK.

Frímerki

Eins og flestir kristniboðsvinir vita safnar Kristniboðssambandið notuðum frímerkjum og mynt. Jarle Reiersen hefur séð um að koma þessu í verð. Best er fá umslögin með frímerkjunum á, því oft er hægt að fá betra verð fyrir þau þannig. Allir velunnarar kristniboðsins eru minntir á að gefa okkur umslög og frímerki í stað þess að henda þeim í ruslið, einnig biðja vini og ættingja að gera slíkt hið sama. Þakkar til ykkar allra sem hafa gefið okkur frímerki og mynt!

Skógámar

Kristniboðssambandið er með skógáma hjá Sorpu undir heitinu Látið skóna ganga aftur. Hvetjum við fólk sem ætlar að henda skóm að setja þá í gámana okkar.

Heimasíða, fés og kristniboðspóstur

Kristniboðssambandið er með heimasíðu: sik.is og féssíðu: facebook.com/kristnibod. Þar má finna nýjar fréttir og margar athyglisverðar greinar. Hægt er að fá nýjar fréttir sendar í netpósti. Áhugasamir eru hvattir til að gefa okkur netfangið sitt og fá þá sendan kristniboðspóstin.

Nytjamarkaðurinn – Basarinn

Basarinn í Austurveri er mjög mikilvæg teljulind fyrir Kristniboðssambandið. Basarinn leggur áherslu á að selja góða, vel með farna muni, má þar nefna föt, bækur, húsbúnað og skrautmuni. Einnig er gott úrval af ódýrum tækifæriskortum. Alltaf er hægt að bæta við fleiri sjálfbodaliðum svo hafið endilega samband ef þið hafið tíma aflögu. Basarinn er opinn virka daga frá kl. 11-18, s. 5626700.

Haustmarkaðurinn

Hinn árlegi haustmarkaður er fastur liður í fjáröflun Kristniboðssambandsins. Að þessu sinni var markaðurinn haldinn laugardaginn, 10. september. Kristniboðsfélag karla og kvenna stóðu vaktina eins og undanfarin ár. Þakkar eru færðar þeim mörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem lögðu málefninu lið með því að gefa vörur á markaðinn. Markaðurinn gekk vel og komu inn tæpar 600.000 kr. sem munu renna í skólasjóðinn sem talað er um á öðrum stað í blaðinu.

Þakkar

Sumargjöfin

Kristniboðssambandið þakkar öllum sem gáfu kristniboðinu sumargjöf. Guð blessi ykkur.

Reykjavíkurmaraþon

Kristniboðssambandið þakkar hlaupurum þátttökuna í Reykjavíkurmaraþoninu, 20. ágúst. Einnig þeim sem hétu á hlauparana. Áheit námu tæpum 250.000 kr.

BIBLÍUSKÓLI SÍK

Fræðslustundir á miðvikudögum

kl. 18:00 – 19:40 í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58-60.

21. september. GETUR GUÐ VERIÐ GÓÐUR Í HEIMI FULLUM AF ÞJÁNINGU? Kristján Þór Sverrisson

24. september. (LAUGARDAGUR, kl. 11-13) - 2. Jóhannesarbréf - Jørgen Storvoll

28. september. 3. Jóhannesarbréf. Jørgen Storvoll

5. október. HVAÐA ÁHRIF HEFUR SKÖMM Í LÍFI OKKAR? Vigfús Ingvar Ingvarsson

12. október. HVER ER LAUSNIN VIÐ BROTUM, BRESTUM OG SYNDUM? Karl Jónas Gíslason

19. október. ER ÓVINURINN KOMINN Á EFTIRLAUN? Ragnar Gunnarsson

26. október. EIGA KRISTNI OG NÝÖLD EKKI SAMLEIÐ? Kristján Þór Sverrisson

2. nóvember. HVAÐ MEÐ AÐRAR LEIÐIR TIL GUÐS? Skúli Svavarsson

9. nóvember. FÆST EILÍFT LÍF FYRIR TRÚ EÐA BREYTNÍ? Ólafur Jóhannsson

16. nóvember. GANGA VÍSINDI OG TRÚ SAMAN? Kjartan Jónsson

23. nóvember. TRÚUM VIÐ Á ÞRJÁ GUÐI EÐA EINN GUÐ? Guðlaugur Gunnarsson